

REGLUGERÐ

86

6. júlí

um breyting á reglugerð nr. 74 7. des. 1923, um umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa.

1. gr.

Í stað „75 krónur“ í 3. tölulið 2. gr. komi: 500 krónur.

2. gr.

Í stað „Tuttugu króna“ í 5. tölulið 3. gr. komi: Hundrað króna.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 12 20. júní 1923, um einkaleyfi, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 6. júlí 1956.

Ingólfur Jónsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

87

11. júlí

um, að létt sé banni við fýlungatekju og hagnýtingu fýlunga.

Felld er úr gildi auglýsing nr. 106 30. maí 1940, um bann við fýlungatekju og hagnýtingu fýlunga.

Jafnframt er vakin athygli á leiðbeiningum, er landlæknir hefur gefið út, um varnir gegn sýkingu af fýlasótt.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 11. júlí 1956.

Ingólfur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

88

10. júlí

um breyting á fjallskilareglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu, nr. 121 frá 24. júlí 1940.

29. grein reglugerðarinnar orðist svo:

Eftir tillögum hreppsnefndar eða hreppsnefnda ákveður sýslunefnd hvar aðalrétt og aukarétt skuli vera. Séu hreppsnefndir eigi sammála, sker sýslunefnd úr.

Sömuleiðis ákveður sýslunefnd undir hvaða aðalrétt hver aukarétt heyrir og enn fremur hverja afrétt og heimalönd ganga skal til hvefrrar réttar og ráða sýslumörk, nema öðruvísi sé ákveðið.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 12 frá 31. maí

88 1927, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til leiðbeiningar öllum þeim, sem 10. júlí hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. júlí 1956.

Steingrímur Steinþórsson.

Árni G. Eylands.

89
12. júlí

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá héraðslækna.

Frá og með 15. þ. m. og þangað til öðruvísi verður ákveðið, hækka allir liðir gjaldskrár héraðslækna (sbr. auglýsingar ráðuneytisins nr. 2 11. janúar 1933, nr. 30 1. marz 1943, nr. 15 6. febrúar 1952 og nr. 26 25. febrúar 1955) um 20%, þannig að almennt viðtalsgjald, sem samkvæmt hinni upphaflegu gjaldskrá 1933 var 2 krónur, verður 12 krónur og aðrir liðir samsvarandi.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 12. júlí 1956.

Ingólfur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

90
12. júlí

FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir Eyjafjarðarsýslu.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Eyjafjarðarsýsla er eitt fjallskilafélag, sem skiptist í deildir eftir hreppum, og er hver hreppur sérstök deild. Þó getur sýslunefnd ákveðið, að tveir hreppar eða fleiri myndi sömu deild, en til þess þarf samþykki almennra sveitarfunda og hreppsnefnda hlutaðeigandi hreppa.

2. gr.

Sýslunefnd hefur á hendi yfirstjórn allra fjallskilamála í sýslunni, samkvæmt gildandi sveitarstjórnarlögum, nr. 12 31. maí 1927, en hreppsnefndir stjórna framkvæmd fjallskilanna, hver í sinni fjallskiladeild.

3. gr.

Þar sem hreppur er ein fjallskiladeild, skal hreppsnefnd, að afloknum hverjum hreppsnefndarkosningum, kjósa mann til þess að hafa á hendi framkvæmd fjallskilamála hreppsins, og nefnist hann fjallskilastjóri. Hann skal sjálfur vera við aðalrétt í hvert skipti, sem þar er réttað, stjórna sundurdrætti og ráða þar réttarúmi öllu. Geti hann ekki mætt þar sjálfur, gildra forfalla vegna, ber honum að setja hæfan mann í sinn stað og á sína ábyrgð. Heimilt er hreppsnefnd að fela honum bókhald allt fjallskilanna vegna og innheimtu á fjallskilagjöldum.

Þar sem tveir hreppar eða fleiri eru sameinaðir í eina fjallskiladeild, skulu hreppsnefndirnar kjósa fjallskilastjórnann sameiginlega. Fáir tveir eða fleiri jafnmörg atkvæði, skal hlutkesti ráða.